

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

AKUREYRARBÆR	
MÓTTU	01. 02. 2013
NEFND	2012080074
LYSTI	15-001



Akureyri, 29. janúar 2013
Tilvísun: 2012060024
MB/

Efni: Niðurfelling vega af vegaskrá

Með bréfi dagsett 5. júlí 2012 tilkynnti Vegagerðin sveitarfélaginu að Hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar, Hlíðarfjallsvegar, hluti Hjalteyrargötu, Silfurtangi og Laufásgata féllu ekki lengur undir skilgreiningu vegalaga nr. 80/2007 og Vegagerðin mundi því hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á umræddum vegi frá og með 1. janúar 2013. Sveitarfélagið gerði athugasemd við þessa ákvörðun og mótmælti henni með bréfi dagsett 23. nóvember 2012

Svo sem fram kom í tilvitnuðu bréfi Vegagerðarinnar var skilgreiningu þjóðvega breytt í vegalögum 80/2007 með þeim hætti að ákveðnir vegir, sem áður skilgreindust á forræði ríkisins, skilgreinast nú sem stofnvegir í þéttbýli og þar með á forræði viðkomandi sveitarfélags.


Í framhaldi af þessari lagabreytingu breytti Vegagerðin vegaskrá þessu til samræmis og tók út þá vegi sem tilgreindir eru í meðfylgjandi skjali, alls tæpa 70 km. Þessu mótmælti Samband íslenskra sveitarfélaga, m.a. með bréfi til samgönguráðherra dags. 27. febrúar 2009. Kom m.a. fram í því bréfi, að sambandið teldi nauðsynlegt að fram færu formlegar viðræður um vegaskrána milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en gengið yrði frá samningum milli Vegagerðarinnar og einstakra sveitarfélaga um yfirfærslu vega til sveitarfélaga.

Ráðuneytið svaraði þessu erindi með bréfi dags. 3. febrúar 2009 og leggur til að Vegagerðin hefji viðræður við sambandið um málið. Í bréfinu segir síðan: "Í þeim viðræðum verði leitast við að greina og meta kostnaðaráhrif þeirra breytinga sem tillaga að nýrri vegaskrá hefur í för með sér fyrir einstök sveitarfélög og svæði". Og einnig: "Ráðuneytið leggur jafnframt til að Vegagerðin bíði með frekari ákvarðanir á grundvelli fyrirliggjandi tillögu að vegaskrá fyrr en að afloknu ofangreindu ferli og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið".

Með vísun til þessara tilmæla ráðuneytisins voru síðan haldnir þrír fundir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga í febrúar til maí 2009. Á þessum fundum kom fram hjá Vegagerðinni, að hún mundi skila þessum vegum í "viðunandi ástandi" í samráði við sveitarfélögin. Vegna ástands í efnahagsmálum hefur viðræðum þessum seinkað en þó hefur nokkrum vegum verið skilað bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi.

Mál þessi hafa legið í láginni um nokkurt skeið. Hér með er ítrekað könnuð afstaða sveitarfélagsins til þess hvort tiltekinn vegur sé í "viðunandi ástandi". Ef svo er ekki að mati sveitarfélagsins er óskað eftir að fá fram skoðanir á því hvað gera þurfi til þess að koma veginum í það ástand, að unnt sé að skila honum með tilvísun til framangreindra fundarhalda og til samræmis við ákvæði núgildandi vegalaga. Þar til niðurstaða verður hvað það varðar, mun fyrirkomulag varðandi viðhald og þjónustu umræddra vega verða óbreytt.

Virðingarfyllt,



Gunnar H. Guðmundsson
Svæðisstjóri, Norðursvæði